
17.árg. 2. tbl, desember 2005

Ábm.: Hjalti J. Guðmundsson, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

Aðalfundur Félags landfræðinga, 8. apríl 2005.

Á fundinn mættu 12 félagsmenn og þar af einn landfræðinemi. Engar stjórnarbreytingar urðu á fundinum og endurskoðendur voru kosnir Tryggvi Jakobsson og Árni Þ. Vésteinsson að þeim fjarverandi.

Í stjórn félagsins árið 2005-2006 eru: Hjalti J. Guðmundsson, formaður, Albert S. Sigurðsson, varaformaður; Ríkharður F. Friðriksson, gjaldkeri; Bjarki Þór Kjartansson, ritari; og Anna Fanney Gunnarsdóttir, meðstjórnandi.

Árgjald var ákveðið 3000 kr, en samkvæmt lögum félagsins greiða nemendur helming af fullu aðildargjaldi.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum, en í umræðum var nokkuð rætt um hugsanlegar lagabreytingar sem þyrfti að leggja fram síðar, sérstaklega varðandi nemendagjaldið og að veita fulltrúa landfræðinema rétt á þátttöku í stjórn félagsins.

Aðalfundur beindi þeim tilmælum til stjórnar að komið verði á styrktarsjóði fyrir nemendur til að stuðla að alþjóðasamskiptum.

Samþykkt var að stjórn félagsins mundi athuga hvort hægt væri að setja á fót verðlaunasjóð sem nýttur væri til að verðlauna fyrir námsritgerðir í landfræði. Þannig mætti hampa góðum landfræðirannsóknnum og auglýsa fagið út á við. Verðlaunahafar myndu halda fyrirlestur um rannsóknina á fundi félagsins.

Rætt var um orðasafn landfræðinga. Mælt var til þess að Albert Sigurðsson, Kári Gunnarsson og Gunnar Magnússon taki landfræðiorðasafnið upp á sína arma. Orðasafnið er nú hýst hjá Íslenskri málstöð, www.ismal.hi.is - orðabanki.

Nokkrar umræður spunnust um félagsstarfið og þótti sumum ekki nóg af atburðum og uppákomum, en öðrum fundarmönnum þótti að fastar uppákomur að vori og hausti, auk Landabréfsins hafi gefið félagsstarfinu ákveðna fótfestu.


Einnig var rætt um að kynningarmál væru í ólagi, t.d. hafi vorráðstefnan farið framhjá mörgum. Stjórn félagsins lofaði að taka þessi mál til skoðunar.

Þá var rætt um hvort aðrir en landfræðingar og landfræðinemar ættu erindi í félagið, nú væru margar skyldar greinar á háskólastigi, t.d. umhverfisfræði og landslagsskipulag. Fundurinn tók ekki undir slíkar hugmyndir.

Landabréfið 2005

Með þessum Landpósti er árgangur 2005 af Landabréfinu, tímariti Félags landfræðinga, sendur út. Stjórn félagsins dreifir því til þeirra sem hafa borgað árgjald. Þannig fá allir landfræðingar sem greiða félagsgjöld Landabréfið sent. Gaman að segja frá því að 25 bókasöfn hafa gerst áskrifendur að ritinu.

Hér með er kallað eftir greinum og ritgerðum til birtingar í Landabréfi næsta árs. Ritstjórnin vonast til að geta í fyllingu tímans gefið út tvö Landabréf á ári. Það má því ekki búast við neinni lognmollu á þeim vígstöðvum.



Landfræðidagurinn var haldinn 17. nóvember og heppnaðist vel. Þá komu 25 manns saman í Öskju og hlýddu á þrjú erindi undir yfirskriftinni „Drive-in“-háskóli. Fjallað var um umhverfis og umferðarmál í háskólum og þéttbýli almennt. Framsögumenn voru: Þorbjörg Kjartansdóttir, Ásdís Hlökk Theodorsdóttir og Hjalti Guðmundsson. Líflegar umræður sköpuðust á fundinum en ekki voru allir á einu máli um atriði eins og gjaldtöku á bifreiðastæðum við háskólann. Málstofan fór þó vel fram undir góðri stjórn Salvarar Jónsdóttur.

Í september stóð félagið einnig fyrir fyrirlestri finnska landfræðingsins Petteri Alho. Petteri kynnti okkur rannsóknir sínar á hamfarahlaupum í Jökulsá á Fjöllum. Á fundinn mættu bæði landfræðingar, jarðfræðingar og verkfræðingar og voru nokkrar umræður um forsendur útreikninga hans við gerð líkans af hamfaraflóðinu, þótti sumum að hann hefði frekar átt að bæta við stuðlana og gera flóðið enn kraftmeira. *ÍSLAND BEZT Í HEIMI!*

Dagskrá félagsins 2005-2006

Vorráðstefna landfræðinga verður föstudaginn 24. mars 2006. Ráðstefnan hefur verið fjölsótt síðustu árin og erindin merkileg og mörg. *Takið daginn frá!* Þeir sem hafa áhuga á að flytja erindi geta strax haft samband við stjórn félagsins (fl-s@hi.is), en síðustu forvöð að skila in titlum og samantektum er viku fyrir ráðstefnuna. Bráðabirgðapema ráðstefnunnar er: *ÍSLAND BEZT Í HEIMI* ☺

Aðalfundur 2006 verður haldinn í Öskju, náttúrufræðahúsi HÍ, miðvikudaginn 5. apríl. Á dagskrá verða venjubundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins sem má finna á www.umvefur.is/land.

Á fundinum verða kosnir tveir nýjir fulltrúar í stjórn, þar sem tveir hyggjast ganga úr stjórn. Við viljum því hvetja þá sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi félagsins að láta vita.

Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær sendar út með formlegu aðalfundarboði.

Aðrir fræðslufundir og málstofur verða haldnar eftir því sem færi gefast.

Félagsaðild 2005-2006

Nokkrir landfræðingar hafa gengið í félagið á árinu og eru þeir hér með boðnir velkomnir.


Á síðasta aðalfundi var ákveðið að hækka félagsgjöldin í 3000 kr. Landfræðinemar greiða 1500 kr. Félagið hefur rúmlega 200 landfræðinga á skrá og nauðsynlegt að sem flestir greiði félagsgjöld. Í fyrra greiddu nokkuð fleiri félagsgjöld, eða rúmur helmingur skráðra landfræðinga, líklegt er að aukning í greiðsluþátttöku hafi verið bæði vegna beintengingar árgjaldsins við áskrift á Landabréfinu og vegna þess að sendir voru út greiðsluseðlar sem bankinn innheimti. Með fleiri greiðandi félögum eflist starfsemin og möguleikar á uppákomum aukast.

Endilega greiðið félagsgjaldið sem fyrst, kr. 3.000. Hægt er að greiða seðilinn með netbanka (bankanúmerið okkar er 0303-26-10835 hjá KB banka, Laugavegi 120 (Austurbæjarútibú) og kennitala félagsins er 650188-1289).

Með kveðju

Stjórn Félags landfræðinga

UMHVERFISMÁL Á RÖNGUNNI...



“Hún Heiðrún okkar er aldeilis farin að stækka. Ættum við að sturta henni í klósettið fljótlega?”

Í nágrenni kjarnorkustöðvarinnar.

“Það er sorglegt hvað þessu fylgir mikill umbúðaúrgangur”.

Skyn(sam)leg rými

Rými, list og umhverfi

RÁÐSTEFNA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, 1. OG 2. JÚNÍ 2006
Í BODI HEIMSPEKISKORAR OG JARÐ OG LANDFRÆÐISKORAR HÍ – Í
SAMVINNU VIÐ LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Auglýst eftir útdráttum

Ráðstefnan tekur fyrir hugmyndir um rýmið og hvernig það er skynjað og upplifað bæði í borg og byggð sem og í náttúru. Markmið ráðstefnunar er að skapa samræðuvettvang fyrir ólíka hópa háskólafólks, frá raun- og náttúruvísindum til félags- og hugvísinda, og lista- og athafnafólks, sem hefur áhuga á hvernig rými er skynjað, skilið og endurskilgreint. Á þennan samræðuvettvang auglýsum við eftir ritgerðum, kynningum og veggspjöldum, sem og listaverkum og sýningargripum, sem gefa til kynna hvernig rýmið er upplifað, skilið og skynjað á mismunandi hátt, og leitast umfram allt við að varpa ljósi á þær aðferðir sem endurskilgreina rýmið.

Rýmið allt umhverfis okkur er í stöðugri endurskilgreiningu í orðum og verkum, sem oftast en ekki styðjast við hugmyndir um það sem er skynsamlegt. Það er þá jafnan þröngt skilgreint af hópum með ákveðna hugsjón eða markmið að leiðarljósi, eða sem eiga beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Þessar skynsamlegu hugmyndir ýta oft til hliðar hinu „skynlega“ – því sem fólk skynjar gegnum líkamann og öll skynfæri sín þar og þá. Ráðstefnan fjallar um að laða fram hið skynjaða eða skynlega, sem byggir á upplifun, andstætt fyrirfram skilgreindum hugsjónum og markmiðum sem byggja á ýmsum hugmyndum um hið skynsamlega.

Hvatt er til þess að fólk úr sem flestum áttum leggi til ritgerðir, kynningar, veggspjöld, listaverk og sýningargripi. Framlagið má gjarnan fjalla um mismunandi kenningar um rýmið, en það má einnig gjarnan felast í hagnýtari vangaveltum um upplifun rýmisins. Jafnframt má leggja til þematengd verk sem sýnd verða á staðnum.

Frekari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.sparten.org

Útdrættir fyrir ritgerðir, kynningar og veggspjöld skulu vera 3-500 orð. Þá skal senda fyrir 30. janúar 2006 til Edwards H. Huijbens (edward@hi.is). Tillögur að listaverkum eða sýningargripum skal senda fyrir 30. janúar 2006 til Paul Hackett (ph@smallestspace.com). Tillögur og útdrættir skulu vera á ensku.

Ritgerðum sem birta á á vef ráðstefnunar skal skilað fullbúnum á rafrænu formi fyrir 1. maí 2006, á sniði sem tilgreint er á vefslóð ráðstefnunar.